Páll V. Bjarnason
Guðfinna Ósk Erlingsdóttir

# Húsakönnun

## Barónsstígur – Bergþórugata – Vitastígur – Njálsgata




**Reykjavík 2004**

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 122

# Húsakönnun

## Barónsstígur – Bergþórugata – Vitastígur – Njálsgata

## Staðgreinireitur 1.190.3

Páll V. Bjarnason, arkitekt
Guðfinna Ósk Erlingsdóttir, arkitekt

**Reykjavík 2004**

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 122

Unnið að beiðni Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur
vegna deiliskipulagsvinnu.

Ljósmyndir: Guðfinna Ósk Erlingsdóttir, Minjasafni Reykjavíkur.
Kort: Björn Ingi Edvardsson, Skipulags- og byggingasviði Reykjavíkur.

© Árbæjarsafn

Páll V. Bjarnason arkitekt,
deildarstjóri húsadeildar Minjasafns Reykjavíkur og
Guðfinna Ósk Erlingsdóttir arkitekt.

Minjasafn Reykjavíkur − Árbæjarsafn
Skýrsla nr. 122
Reykjavík 2004.
Öll réttindi áskilin.

# Efnisyfirlit

## 1. Húsakönnun.

Formáli.....................................................................4

Byggingarsaga...........................................................5

Varðveislumat..........................................................10

## 2. Húsaskrá.

Kort Húsverndarskrár Reykjavíkur..........................11
Barónsstígur 28........................................................12
Barónsstígur 30........................................................13
Bergþórugata 23.......................................................14
Bergþórugata 25.......................................................15
Bergþórugata 27.......................................................16
Bergþórugata 29.......................................................17
Bergþórugata 31.......................................................18
Bergþórugata 33.......................................................19
Bergþórugata 35.......................................................20
Bergþórugata 37.......................................................21
Bergþórugata 41.......................................................22
Bergþórugata 43.......................................................23
Bergþórugata 45.......................................................24
Bergþórugata 45b.....................................................25
Njálsgata 48.............................................................26
Njálsgata 48a...........................................................27
Njálsgata 50.............................................................28
Njálsgata 52.............................................................29
Njálsgata 52a...........................................................30
Njálsgata 52b...........................................................31
Njálsgata 54.............................................................32
Njálsgata 56.............................................................33
Njálsgata 58.............................................................34
Njálsgata 58b...........................................................35
Njálsgata 60.............................................................36
Njálsgata 60a...........................................................37
Njálsgata 60b...........................................................38
Njálsgata 62.............................................................39
Njálsgata 64.............................................................40

Heimildaskrá............................................................41

## Formáli

Hér fer á eftir könnun byggðar á reit 1.190.3 sem afmarkast af Barónsstíg, Berþórugötu, Vitastíg og Njálsgötu.

Húsakönnunin er unnin að beiðni Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur í samræmi við skipulagslög vegna gerðar deiliskipulags á svæðinu. Þessi reitur er innan þess svæðis sem varðveisluskrá Reykjavíkur nær til, en það er svæðið innan Snorrabrautar/ Hringbrautar.

Húsin á reitnum voru byggð á árunum 1903 til 1931. Ekki er um að ræða tæmandi sögulega úttekt á viðkomandi svæði, en þó er rannsakað hvaða hús hafa verið byggð á svæðinu í gegnum árin og þau metin sem enn standa. Sú rannsókn er nauðsynleg til að átta sig á samhengi byggðarinnar og þróun svæðisins.

Við mat á varðveislugildi húsa hefur verið beitt svokallaðri SAVE-aðferð (Survey of Architectural Value in the Environment) sem gerð er grein fyrir í ritinu *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana,* útgefnu af Húsafriðunarnefnd ríkisins 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE-aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti; *byggingarlist, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð.* ***Varðveislugildi húsa*** byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem gefin var út sem þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 – 2016 (*Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Snorrabrautar/Hringbrautar)*. Þar sem húsverndarskráin er ekki að öllu leyti byggð á rannsóknum heldur á fyrirliggjandi gögnum og úttekt byggðarinnar á staðnum, getur verið nauðsynlegt að gera breytingar eftir nákvæmari húsakönnun.

10. desember 2004

Páll V. Bjarnason arkitekt,
deildarstjóri húsadeildar
Minjasafns Reykjavíkur – Árbæjarsafns.

## Byggingarsaga

Hér fer á eftir byggingarsöguleg úttekt á núverandi byggð á reit 1.190.3 í Reykjavík. Þessi reitur hefur áður verið kannaður, og er stuðst við heimildir við gerð byggingarsögukaflans úr þeirri skýrslu Árbæjarsafns frá árinu 1993.[1]

## Staðsetning

Reiturinn sem hér er til umfjöllunar afmarkast af Barónsstíg, Bergþórugötu, Vitastíg og Njálsgötu.




Mynd 1. Kort af svæðinu. Borgarvefsjá. Nóv. 2004.

## Húsagerð og aldur

Í þessari húsakönnun er fjallað um 29 hús. Flest þeirra eru gerð úr steinsteypu eða 17 talsins, timburhús eru níu og hlaðin hús þrjú. Að upphaflegri gerð eru 13 hús einlyft, 15 tvílyft og eitt þrílyft.
Elsta húsið, Njálsgata 60, var byggt árið 1903, en þau nýjustu, Njálsgata 62 og Njálsgata 64 voru hækkuð í fjórar hæðir, það fyrrnefnda árið 1955, en það síðarnefnda árið 1946. Flest húsanna, eða 19, voru byggð á árunum 1920–31 og tíu þeirra voru byggð á árunum 1903–1907.

[1] Nikulás Úlfar Másson og Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga.* Skýrslur Árbæjarsafns XVII. Reykjavík 1993.

## Breytingar

Húsin eru að mestu leyti óbreytt frá upphaflegri gerð, fyrir utan Njálsgötu 62 og 64 sem hafa verið hækkuð í fjórar hæðir. Af þeim 29 húsum sem voru könnuð hefur verið byggt við átta hús, kvistir settir á 12 hús og fimm hús hafa verið hækkuð. Nokkur hús eru þó óbreytt að ytri gerð frá bygging. Þar á meðal eru Barónsstígur 28 og 30, Bergþórugata 33, 35 og 37, Njálsgata 48, 52a, 58b og 60b. Þessi hús voru byggð á árunum 1905–1931.

## Höfundar

Ekki er vitað hverjir gerðu upphaflegar teikningar af timburhúsunum. Flest húsanna teiknuðu Guðmundur H. Þorláksson byggingarmeistari, en hann teiknaði fjögur hús og Þorlákur Ófeigsson byggingarmeistari, sem teiknaði þrjú hús. Björn Rögnvaldsson forsmiður, Einar Sveinsson arkitekt og Pétur Ingimundarsson forsmiður teiknuðu tvö hús hver. Sigurður Guðmundsson arkitekt teiknaði húsið að Bergþórugötu 23, Höskuldur Sveinsson byggingarmeistari teiknaði Njálsgötu 62, Jens Eyjólfsson byggingarmeistari teiknaði Njálsgötu 58b og þeir Gísli Halldórsson og Sigvaldi Thordarson arkitektar teiknuðu Njálsgötu 60a.

## Saga reitsins

Segja má að á þessu svæði megi lesa byggingarsögu Reykjavíkur á fyrri hluta tuttugustu aldar, allt frá aldamótum og til seinna stríðs, og þá meginþróun sem átti sér stað bæði í skipulagsmálum og einstökum húsum. Byggðin í þessum reit er sundurleit. Orsökina fyrir því er nær eingöngu að finna í reglugerðum og skipulagsumræðu hvers tímabils fyrir sig, þó að skuldinni megi skella að nokkru leyti á efnahag og tísku.

Í viðauka við byggingarreglugerðina frá 1903, sem samþykktur var eftir brunann mikla í Reykjavík árið 1915, var kveðið á um að „ekki mætti byggja neitt hús í Reykjavíkurbæ úr öðru efni en steini eða steinsteypu, eða öðru efni, ekki ótraustara eða óeldtryggara“.[2] Öll timburhús á þessum reit eru byggð fyrir 1915 og öll stein- eða steinsteypt hús og viðbyggingar eftir 1915.

Elstu húsin, frá fyrsta áratug tuttugustu aldar, eru öll einlyft lítil timburhús. Grettisgata og Njálsgata fóru að byggjast rétt eftir síðustu aldamót, Frakkastígur var lagður árið 1903 og Vitastígur árið 1907.[3] Þessi tegund húsa var nær einráð í byggingarsprengjunni í Reykjavík í kringum síðustu aldamót. Síðan hefur verið byggt við flest þeirra, annaðhvort úr timbri eða steinsteypu. Öll eru þessi hús klædd bárujárni, en samkvæmt byggingarreglugerðinni frá 1903 var það skylda.
Í mörgum húsanna höfðu íbúarnir einhvern smáatvinnurekstur, oftast verkstæði af einhverju tagi. Á seinni árum hefur sú starfsemi að mestu lagst af, en húsin við Laugaveg aftur á móti tekið við auknu verslunarhlutverki.[4]

---

[2] Í viðauka við Byggingarreglugerð frá 1903.
[3] Hrefna Róbertsdóttir: *Gamli Austurbærinn.* Ritröð Árbæjarsafns 2. Árbæjarsafn, Reykjavík 1989, bls. 13.
[4] Hrefna Róbertsdóttir: *Gamli Austurbærinn.* Ritröð Árbæjarsafns 2. Árbæjarsafn, Reykjavík 1989, bls. 14.

Það var ekki fyrr en komið var fram á þriðja áratuginn að almennilegur skriður komst á skipulagsmálin í Reykjavík. Fyrstu skipulagslögin voru sett árið 1921 og 1927 var fyrsti eiginlegi skipulagsuppdrátturinn fyrir Reykjavík samþykktur í bæjarstjórn. Helsta einkenni skipulagsins var að gert var ráð fyrir að hús yrðu sambyggð við flestar götur. Þetta var í þeim anda sem var að gerast í stórborgum í Evrópu á þessum tíma. Sambyggð hús voru sögð hagkvæm fyrir efnalítið fólk, auk þess sem þau veittu skjól fyrir hinum reykvíska næðingi. Sá reitur sem hér er til umfjöllunar er dæmigerður fyrir þetta skipulag. Hús þau sem byggð voru fyrir 1920 hafa nánast öll verið lengd meðfram götu, en hin sem byggð voru eftir 1920 eru öll sambyggð. Þannig er nær samfelld byggð við Njálsgötu og Bergþórugötu, sem opnast til endanna, þ.e. við Barónsstíg og Vitastíg. Ein af hugmyndunum sem upp komu, var að gengið skyldi inn í hin sambyggðu hús frá stígum að húsabaki (Bergþórugata 41–45 og Barónsstígur 30).



Mynd 1. Hús Byggingarfélags Reykjavíkur, Bergþórugata 41–45 og Barónsstígur 30 (framhlið). Okt. 2004. Ljósm. GÓE.

Árið 1920 byggði hið nýstofnaða Byggingarfélag Reykjavíkur húsin sem standa við Bergþórugötu 41–45 og Barónsstíg 30. Byggingarfélag Reykjavíkur var stofnað af verkalýðsfélögunum í Reykjavík árið 1919. Í lögum félagsins segir að markmið þess sé að útvega efnalitlu fólki holl, hentug og ódýr íbúðarhús til leigu eða kaups. Þetta eru fyrstu húsin í Reykjavík sem byggð eru á félagslegum grunni og eru eins konar undanfari verkamannabústaðanna. Skipulag þessara húsa þótti mjög framsækið og sagði í Morgunblaðinu að þetta væru einu húsin í bænum sem byggð væru með fullkomnu samræmi sín á milli.

Annað einkenni byggðarinnar á þessu svæði er að öll hornhús í þessum reit eru í samræmi við þá grein byggingarreglugerðarinnar frá 1903, sem kveður svo á um að „hús við gatnamót skulu vera hornsneidd“.

Skipulagstillagan frá 1927 gerði ráð fyrir því að timburhúsin yrðu rifin, og tveggja til fjögurra hæða steinsteypt hús byggð í staðinn (Njálsgata 62 og 64). Út af þessu risu gífurlegar deilur í bænum og var skipulagsuppdrátturinn aldrei sendur til ráðherra til staðfestingar. Má þakka þessu, auk kreppunnar á fjórða áratugnum, að ekki var gengið lengra í útrýmingunni á timburhúsunum, sem nú eru eitt helsta einkenni íbúðarbyggðarinnar í gamla austurbænum.

Segja má að byggðin skiptist í tvennt, annars vegar er það síðasta kynslóð litlu timburhúsanna við Njálsgötu og hins vegar fyrsta kynslóð steinsteyptra húsa, við



Mynd 2. Hús Byggingarfélags Reykjavíkur, Bergþórugötu 41-45 og Barónsstígur 30 (bakhlið).
Okt. 2004. Ljósm. GÓE.

Bergþórugötu. Einnig sést á þeim hvernig timburhúsin við Njálsgötu hafa verið lengd úr steinsteypu meðfram götu, en eins og getið er hér að ofan var það stefna yfirvalda að byggð skyldi þétt við götur. Af framansögðu má sjá að þessi reitur hefur þróast sem ein heild, og ástæðurnar fyrir sundurleysi hans eru djúpt markaðar af skipulags- og byggingarsögu Reykjavíkur.

Mælt er sérstaklega með verndun húsanna sem Byggingarfélag Reykjavíkur byggði við Bergþórugötu 41-45 og Barónsstíg 30, og getið er hér að ofan.

**Nafngiftir gatnanna**

Nafngiftir gatnanna sem hér um ræðir eiga rætur sína að rekja víða.

**Barónsstígur**

Hann er nefndur eftir baróninum á Hvítárvöllum sem lét reisa Barónsfjósið sem við hann stendur. Nyrsti hluti Barónsstígs upp að Laugavegi byggðist upp úr aldamótunum síðustu en aðrir hlutar götunnar síðar og þá í áföngum. Af húsum við Barónsstíg má nefna Sundhöllina, Heilsuverndarstöðina og Vörðuskóla.[5]

**Bergþórugata**

Gatan er nefnd eftir Bergþóru Skarphéðinsdóttur, húsfreyju á Bergþórshvoli í Landeyjum, eiginkonu Njáls Þorgeirssonar bónda þar, en um þau er fjallað í Brennu-Njáls sögu.

**Njálsgata**

Gatan heitir eftir Njáli Þorgeirssyni sem frá segir í Njáls sögu. Fyrsta húsið við götuna var byggt árið 1902 og er nr. 37.

---

[5] Páll Líndal: Sögustaður við Sund, 1. bindi, bls. 80.

## Varðveislumat

Við mat á varðveislugildi byggðar er beitt svokallaðri SAVE-aðferð (Survey of Architectural Value in the Environment) sem gerð er grein fyrir í ritinu *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana*, útgefnu af Húsafriðunarnefnd ríkisins árið 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE-aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti; *byggingarlist, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð.* ***Varðveislugildi húsa*** byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem gefin var út sem þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 – 2016 (*Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Snorrabrautar/Hringbrautar*).

Til umfjöllunar er staðgreinireitur 1.190.3 í Reykjavík, sem afmarkast af Barónsstíg, Bergþórugötu, Njálsgötu og Vitastíg.

Á þessum reit eru ekki gerðar neinar breytingar á verndunarflokkum húsa frá húsverndarskrá Reykjavíkur.

**HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR.**
Varðveislumat húsa á ofangreindum staðgreinireit:

**DÖKKGULUR FLOKKUR:** Verndun götumynda, húsraða og húsa með umhverfislegt gildi.

**Njálsgata 48:** Timburhús með menningarsögulegt og umhverfislegt gildi.

**GRÆNN FLOKKUR:** Verndun 20. aldar bygginga.

**Barónsstígur 30, Berþórugata 33, 35, 37, 41, 43, 45 og 45b.**

**APPELSÍNUGULUR FLOKKUR:** Hús byggð fyrir 1918. Um hús í appelsínugulum flokki gildir að þau eru háð lögum um húsafriðun nr. 104/2001, 6. grein um allar breytingar á núverandi ástandi.

**Barónsstígur 28, Njálsgata 48a, 50, 52b, 54, 56, 58 og 60.**

Niðurstaða þessarar húsakönnunar er almennt sú að með þennan reit skuli farið mjúkum höndum og ekki gerðar róttækar breytingar á núverandi ástandi hans. Hér er ekki verið að mæla með stöðvun á eðlilegri þróun þessarar byggðar, eða minnkun á rými til nauðsynlegra umbóta, heldur er lagt til að yfirbragð reitsins fái að halda sér, eins og hefur verið niðurstaðan úr húsakönnunum Árbæjarsafns á öðrum reitum í gamla austurbænum.


HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR
Friðaðar byggingar
Tillögur að friðun bygginga
Verndun götumynda
Verndun 20.aldar bygginga
Byggingar byggðar fyrir 1918
Verndun svæðis
Verndun byggðamynsturs
Njálsgata
Bergþórugata
Barónsstígur
N
1:1000

**Byggingarár** **1905** # Barónsstígur 28

**Fyrsti eigandi** Sæmundur Þórðarson steinsmiður

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1905 | Inngönguskúr | Teikning óundirrituð |
| **Klæðning** | Bárujárn | Kjallari | 1908 | Geymsluskúr | Teikning óundirrituð |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Ris | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Inng.skúr | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Húsið við Barónsstíg 28 var byggt árið 1905 og er hönnuður þess ókunnur. Það er einlyft timburhús með kjallara og risi og við suðurhlið hússins er inngönguskúr byggður á sama hátt.
Árið 1908 var veitt leyfi til að byggja geymsluskúr á lóðinni. Skúrinn er úr bindingi og þakið úr bárujárni. Að norðanverðu er hann áfastur við íbúðarhúsið og stendur á lóðarmörkum. Steinsteyptur brunagafl er á skúrnum, og er það samkvæmt byggingareglugerð frá 1903.
Árið 1988 var samþykkt erindi um að reisa háa timburgirðingu við götu.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt bárujárnshús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:** Mikilvægt í götumynd Njálsgötu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er óbreytt frá upphaflegri gerð.

**Varðveislugildi:** **Vegna aldurs eru allar breytingar á húsinu háðar lögum um húsafriðun nr. 104/2001.**

**Byggingarár** **1920** # Barónsstígur 30

**Fyrsti eigandi** Byggingarfélag Reykjavíkur

**Hönnun** Þorlákur Ófeigsson byggingameistari

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | |
| **Klæðning** | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | |
| **Undirstöður** | | |

**Útlit**

Tvílyft
Port
Ris
Kjallari
Kvistir

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Húsið að Barónsstíg 30, sem er hornsneitt hús á horni Bergþórugötu og Barónsstígs, var byggt af Byggingarfélagi Reykjavíkur árið 1920 eftir teikningum Þorláks Ófeigssonar húsasmíðameistara. Það er tvílyft á kjallara með portbyggðu risi. Á framhlið er miðjukvistur og eru brúnir hans og gaflar bogadregnir í nýbarokkstíl. Gluggar eru ein- og tvípósta krossgluggar sem sitja samhverft í veggjum. Húsin við Bergþórugötu 33 og 41 eru einnig eftir Þorlák Ófeigsson og eru með svipuðu sniði.
Árið 1994 var samþykkt að sameina lóðirnar Barónsstíg 30, Bergþórugötu 41 og Bergþórugötu 43-45. Lóðirnar sameinaðar eru 763 fermetrar.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Nýbarokk.

**Menningarsögulegt gildi:** Fjölbýlishús, eitt hið fyrsta sinnar tegundar í steinsteypu hérlendis.

**Umhverfisgildi:** Mikilvægt í götumynd Barónsstígs og Berþórugötu. Kennileiti í miðborginni.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er óbreytt frá upphaflegri gerð.

**Varðveislugildi:** **Húsið er í grænum verndunarflokki (verndun 20. aldar bygginga skv. Húsaskrá Reykjavíkur).**

**Byggingarár** **1926** 

# Bergþórugata 23

**Fyrsti eigandi** Eggert Lárusson

**Hönnun** Sigurður Guðmundsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Tvílyft
Kjallari
Ris

| **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|
| 1933 | Glugga- og hurðabreyting | Þorlákur Ófeigsson | bygg.m |
| 1981 | Endurbætur | Hannes Kr. Davíðsson | arkitekt |
| 1992 | Viðbygging á lóð | Kristinn Ragnarsson | arkitekt |
| 1992 | Þaki lyft | Kristinn Ragnarsson | arkitekt |
| 1992 | Kvistir og svalir | Kristinn Ragnarsson | arkitekt |
| 1992 | Innanhússbreyting | Kristinn Ragnarsson | arkitekt |
| 1993 | Glugga- og hurðabreyting | Kristinn Ragnarsson | arkitekt |
| 1993 | Íbúð í kjallara sþ. | Kristinn Ragnarsson | arkitekt |

## Saga

Bergþórugata 23 er hornsneitt hús á horni Bergþórugötu og Vitastígs. Það er tvílyft steinsteypuhús með risi, kjallara og kvistum, byggt árið 1926 eftir teikningum Sigurðar Guðmundssonar arkitekts.
Árið 1933 var samþykkt erindi um að breyta tveimur gluggum á framhlið hússins, teiknað af Þorláki Ófeigssyni byggingarmeistara. Í erindinu er óskað leyfis til að breyta íbúðarherbergi í sölubúð svo og að setja útidyr og stækka glugga á framhlið hússins.
Árið 1940 voru gerðar ýmsar endurbætur á húsinu. Á neðri hæðinni voru tvær sölubúðir, önnur þeirra mjólkurbúð. Í kjallaranum var trésmíðavinnustofa. Árið 1992 var samþykkt erindi þess efnis að setja kvisti á þakið og innrétta tvær íbúðir í risi. Ennfremur var þá samþykkt að lyfta þaki úr steinsteypu og timbri, breyta verslun í íbúð, innrétta leikskóla í kjallara og byggja viðbyggingu úr timbri við húsið.
Athugasemd skipulagsnefndar var sú að útlit kvista yrði lagfært.
Árið 1993 var samþykkt íbúð í kjallara, hurð á norðurhlið og gluggi í stað hurðar.

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Byggingarstíll:** | Einfalt steinsteypuhús. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Tengist atvinnusögu Reykjavíkur. |
| **Umhverfisgildi:** | Mikilvægt í götumynd Bergþórugötu og Vitastígs. Litaval er í ósamræmi við húsið. |
| **Upprunaleg gerð:** | Hefur verið breytt nokkuð frá upphaflegri gerð. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.** |

**Byggingarár** **1928** # Bergþórugata 25

**Fyrsti eigandi** Erlendur Þórðarson,

**Hönnun** Björn Rögnvaldsson forsmiður

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús







**Upphafleg gerð**

| | | Útlit |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Ris |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kjallari |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Anddyri |
| **Undirstöður** | | |

**Helstu breytingar**

| | | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|
| 1984 | Íbúð í kjallara sþ. | Ágúst Þórðarson | bygg.fr. |
| 1987 | Breyting á þakhæð kvistur | Hafliði Jóhannsson | bygg.m |

## Saga

Húsið við Bergþórugötu 25 er tvílyft steinsteypuhús með kjallara og risi, byggt árið 1928 eftir teikningum Björns Rögnvaldssonar forsmiðs.
Húsið austanvið það, nr.27, er eins að ytri og innri frágangi, að undanskildum stórum kvisti á götuhlið þess.
Árið 1987 var samþykkt að breyta norðurhlið þakhæðar hússins og setja þar kvist Breytingarnar voru hannaðar af Hafliða Jóhannssyni byggingarmeistara.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:** Mikilvægt í götumynd Bergþórugötu.

**Upprunaleg gerð:** Hefur ekki breyst frá upphaflegri gerð.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1928** # Bergþórugata 27

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fyrsti eigandi** | Erlendur Þórðarson | **Hönnun** | Björn Rögnvaldsson forsmiður | **Upphafleg notkun** | Íbúðarhús |



| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | 1955 | Breyting þakhæðar | Hafliði Jóhannsson | bygg.m |
| **Klæðning** | | Ris | 1955 | Kvistur og svalir | Hafliði Jóhannsson | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Anddyri | 1956 | Breytt kvisti á á götuhl. hússins | Hafliði Jóhannsson | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Kjallari | | | | |
| **Undirstöður** | | | 1956 | Svalir | Hafliði Jóhannsson | |

## Saga

Húsið við Bergþórugötu 27 er tvílyft steinsteypuhús með kjallara og risi, byggt árið 1928 eftir teikningum Björns Rögnvaldssonar forsmiðs.
Húsið er að innri og ytri frágangi eins og húsið vestan við, nr. 25, að undanskildum kvisti á nr. 27.
Árið 1955 var bakhlið þakhæðar hækkuð og kvistur settur á götuhlið hússins. Árið 1956 var samþykkt erindi um að breyta kvisti á framhliðinni, einnig voru settar svalir framan við hann. Að öðru leyti er húsið óbreytt.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:** Mikilvægt í götumynd Bergþórugötu. Kvistur ber húsið ofurliði.

**Upprunaleg gerð:** Hefur lítið breyst frá upphaflegri gerð.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1931** # Bergþórugata 29

**Fyrsti eigandi** Hrefna Sigurgeirsdóttir

**Hönnun** Guðmundur Guðjónsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús



**Upphafleg gerð**

| | | **Útlit** |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft |
| **Klæðning** | | Ris |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kjallari |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Anddyri |
| **Undirstöður** | | |

**Helstu breytingar** / **Hönnuðir breytinga**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1964 | Kvistir | Hafliði Jóhannsson | bygg.m |
| 1976 | Breyting á útliti rishæðar, kvistir stækkaðir | Arinbjörn Þorkelsson og Axel H. Jóhannsson | húsam. húsam. |

## Saga

Húsið að Bergþórugötu 29 er tvílyft steinsteypuhús með kjallara, risi og kvistum, byggt árið 1931 eftir teikningum Guðmundar Guðjónssonar arkitekts. Þegar húsið var byggt var það ekki múrsléttað að utan.
Árið 1964 var samþykkt erindi um að byggja kvisti og breyta innréttingu þakhæðar hússins.
Árið 1976 var samþykkt erindi um að breyta útliti rishæðar og kvistir voru stækkaðir. Þessar breytingar voru hannaðar af Arinbirni Þorkelssyni og Axel H. Jóhannssyni húsameisturum.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:** Mikilvægt í götumynd Bergþórugötu. Kvistir bera húsið ofurliði.

**Upprunaleg gerð:** Hefur lítið breyst frá upphaflegri gerð.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1931** # Bergþórugata 31

**Fyrsti eigandi** Matthías, Óskar og Elínborg Sveinbjörnsbörn

**Hönnun** Guðmundur Guðjónsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús



**Upphafleg gerð**

| | | Útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | 1973 | Þakgluggar,kj.breytt | Jón Róbert Karlsson | bygg.fr. |
| **Klæðning** | | Ris | 1993 | Kvistir | Kristinn Ragnarsson | arkitekt |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kjallari | 1996 | Svalir á norðurhl. 1. og 2. hæðar | Kristinn Ragnarsson og Stefán Hallsson | arkitekt bygg.fr. |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Anddyri | | | | |
| **Undirstöður** | | | 1997 | Svalir á austurhlið rishæðar | Kristinn Ragnarsson og Stefán Hallsson | |

## Saga

Húsið við Bergþórugötu 31 var byggt árið 1931 eftir teikningum Guðmundar Guðjónssonar arkitekts. Það er tvílyft steinsteypuhús með kjallara, risi og kvistum.
Árið 1973 voru settir fjórir þakgluggar á framhliðina og tveir á bakhlið og kjallara var breytt. Höfundur þessara framkvæmda var Jón Róbert Karlsson byggingafræðingur.
Árið 1973 var samþykkt erindi um að setja þakglugga á framhlið hússins. Hönnuður var Jón Róbert Karlsson byggingafræðingur.
Árið 1993 var samþykkt að setja kvisti á húsið, hannað af Kristni Ragnarssyni arkitekt og Stefáni Hallssyni byggingarfræðingi.
Árið 1996 var samþykkt að byggja svalir á norðurhlið 1. og 2. hæðar úr stáli og timbri og fá samþykkta íbúð í risi hússins og voru hönnuðir þeir sömu og teiknuðu kvistinn.
Árið 1997 var samþykkt að setja svalir á austurhlið rishæðar hússins.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:** Mikilvægt í götumynd Bergþórugötu. Kvistur er í miklu ósamræmi við húsið.

**Upprunaleg gerð:** Húsinu hefur ekki verið mikið breytt frá upphaflegri gerð.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1931** 

# Bergþórugata 33

**Fyrsti eigandi** Kristinn Stefánsson

**Hönnun** Þorlákur Ófeigsson byggingarmeistari

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús m/ trésmíðaverkstæði





**Upphafleg gerð**

| | | |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Port |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Ris |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Kjallari |
| **Undirstöður** | | Kvistir |

**Útlit**

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Húsið við Bergþórugötu 33 var byggt árið 1931 eftir teikningum Þorláks Ófeigssonar húsasmíðameistara. Það er tvílyft á kjallara með portbyggðu risi. Miðjukvisturinn og brúnir húsins eru í nýbarokkstíl. Gluggar eru ein- og tvípósta krossgluggar. Húsin við Barónsstíg 30 og Bergþórugötu 41 eru einnig eftir Þorlák Ófeigsson og eru með svipuðu sniði. Húsið hefur haldist óbreytt frá upphafi.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Nýbarokk.

**Menningarsögulegt gildi:** Fjölbýlishús, eitt hið fyrsta sinnar tegundar í steinsteypu hérlendis.

**Umhverfisgildi:** Mikilvægt í götumynd Bergþórugötu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er óbreytt frá upphaflegri gerð.

**Varðveislugildi:** **Húsið er í grænum verndunarflokki (verndun 20. aldar bygginga skv. Húsaskrá Reykjavíkur).**

**Byggingarárr** 1931 # Bergþórugata 35

**Fyrsti eigandi** Sveinn Jónsson

**Hönnun** Einar Sveinsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | | |
| **Klæðning** | | Ris | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kjallari | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Anddyri | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Húsið að Bergþórugötu 35 er tvílyft steinsteypuhús með kjallara og risi og var byggt árið 1931 eftir teikningum Einars Sveinssonar arkitekts.
Það er eins og nr. 37, að innri og ytri frágangi.
Engar skráðar breytingar hafa verið gerðar á húsi þessu frá upphafi.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:** Mikilvægt í götumynd Bergþórugötu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið hefur haldist óbreytt frá upphaflegri gerð.

**Varðveislugildi:** **Húsið er í grænum verndunarflokki (verndun 20. aldar bygginga skv. Húsaskrá Reykjavíkur).**

**Byggingarár** **1931** # Bergþórugata 37

**Fyrsti eigandi** Markús Sigurðsson

**Hönnun** Einar Sveinsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús m/ trésmíðaverkstæði





**Upphafleg gerð**

| | | |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | |
| **Undirstöður** | | |

**Útlit**

Tvílyft
Kjallari
Ris
Anddyri

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Húsið að Bergþórugötu 37 er tvílyft steinsteypuhús með kjallara og risi og var byggt árið 1931 eftir teikningum Einars Sveinssonar arkitekts.
Sama ár og það var byggt var trésmíðavinnustofa í kjallaranum.
Húsið er eins og nr. 35 að innri og ytri frágangi.
Engar skráðar breytingar hafa verið gerðar á húsi þessu frá upphafi.

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Byggingarstíll:** | Einfalt steinsteypuhús. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Tengist atvinnusögu Reykjavíkur. |
| **Umhverfisgildi:** | Mikilvægt í götumynd Bergþórugötu. |
| **Upprunaleg gerð:** | Húsið er óbreytt frá upphaflegri gerð. |
| **Varðveislugildi:** | **Húsið er í grænum verndunarflokki (verndun 20. aldar bygginga skv. Húsaskrá Reykjavíkur).** |

**Byggingarár** **1920** # Bergþórugata 41

**Fyrsti eigandi** Byggingarfélag Reykjavíkur

**Hönnun** Þorlákur Ófeigsson byggingameistari

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | **Útlit** |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Þrílyft |
| **Klæðning** | | Ris |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kjallari |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | |
| **Undirstöður** | | |

| **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|
| 1920 | Geymsluskúr | | |
| 1939 | Glugga- og hurðabreytingar | Guðmundur H. Þorláksson | bygg. meistar |
| 1942 | Endurbætur | | |

## Saga

Húsið við Bergþórugötu 41 var byggt af Byggingarfélagi Reykjavíkur árið 1920 eftir teikningum Þorláks Ófeigssonar húsasmíðameistara. Það er þrílyft steinsteypuhús með kjallara og risi. Gaflarnir eru bogadregnir í nýbarokkstíl. Gluggar eru ein- og tvípósta krossgluggar.
Árið 1939 voru gerðar glugga- og hurðabreytingar á húsinu og hönnuður þeirra var Guðmundur H. Þorláksson byggingarmeistari.
Húsin við Bergþórugötu 33 og Barónsstíg 30 eru einnig eftir Þorlák Ófeigsson og eru með svipuðu sniði.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Nýbarokk.

**Menningarsögulegt gildi:** Fjölbýlishús, eitt hið fyrsta sinnar tegundar í steinsteypu hérlendis.

**Umhverfisgildi:** Mikilvægt í götumynd Bergþórugötu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið hefur haldist óbreytt frá upphaflegri gerð.

**Varðveislugildi:** **Húsið er í grænum verndunarflokki (verndun 20. aldar bygginga skv. Húsaskrá Reykjavíkur).**

**Byggingarár** **1920** 

# Bergþórugata 43

**Fyrsti eigandi** Byggingarfélag Reykjavíkur

**Hönnun** Guðmundur H. Þorláksson byggingameistari

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð** | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr holsteini | Tvílyft | 1938 | Útlits- og fyrirkomulagsbreyt. | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Kjallari | | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Ris | 1939 | Glugga- og hurðabreytingar | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Húsið við Bergþórugötu 43 var byggt af Byggingarfélagi Reykjavíkur árið 1920 eftir teikningum Guðmundar H. Þorlákssonar byggingarmeistara. Það er tvílyft með kjallara og risi og hlaðið úr holsteini. Árið 1938 var samþykkt erindi um að breyta íbúðarhúsum Byggingarfélags Reykjavíkur við Bergþórugötu nr. 43-45, og að sameina þessar tvær eignir í eina eign, sem talin yrði nr. 43 við Bergþórugötu.
Árið 1938 voru gerðar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu. Árið 1939 voru gerðar glugga- og hurðabreytingar.
Árið 1994 var samþykkt erindi um að sameina lóðirnar að Barónsstíg 30, Bergþórugötu 41 og 43-45. Lóðirnar sameinaðar reyndust vera 763 ferm.
Húsin að Bergþórugötu 43 og 45-45b eru eins að innri og ytri frágangi.
Húsið snýr bakhlið að götu, og inngangur í það er frá stíg milli lóða.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Fjölbýlishús, eitt hið fyrsta sinnar tegundar í steinsteypu hérlendis.

**Umhverfisgildi:** Mikilvægt í götumynd Bergþórugötu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið hefur að mestu leyti haldið upphaflegri gerð.

**Varðveislugildi:** **Húsið er í grænum verndunarflokki (verndun 20. aldar bygginga skv. Húsaskrá Reykjavíkur).**

**Byggingarár** **1920** # Bergþórugata 45

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fyrsti eigandi** | Byggingarfélag Reykjavíkur | **Hönnun** | Guðmundur H. Þorláksson byggingameistari | **Upphafleg notkun** | Íbúðarhús |





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr holsteini | Tvílyft | 1939 | Glugga- og hurðabreytingar | Guðmundur H. Þorláksson | bygg. meistar |
| **Klæðning** | | Kjallari | | | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Ris | 1942 | Útlits- og fyrirkomulagsbreyt. | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Húsið við Bergþórugötu 45 var byggt af Byggingarfélagi Reykjavíkur árið 1920 eftir teikningum Guðmundar H. Þorlákssonar byggingarmeistara. Það er tvílyft með kjallara og risi og hlaðið úr holsteini.
Árið 1939 var samþykkt erindi um glugga- og hurðabreytingar á húsinu, einnig eftir hönnuð hússins. Árið 1942 var samþykkt erindi um að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar.
Árið 1994 var samþykkt erindi um að sameina lóðirnar Barónsstíg 30, Bergþórugötu 41 og 43-45. Lóðirnar sameinaðar reyndust vera 763 ferm.
Húsin að Bergþórugötu 45-45b og 43 eru eins að innri og ytri frágangi.
Húsið snýr bakhlið að götu, og inngangur í það er frá stíg milli lóða.

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Byggingarstíll:** | Einfalt steinsteypuhús. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Fjölbýlishús, eitt hið fyrsta sinnar tegundar í steinsteypu hérlendis. |
| **Umhverfisgildi:** | Mikilvægt í götumynd Bergþórugötu. |
